



Fjallabyggð



DEILISKIPULAG ÞJÓÐVEGA Í ÞÉTTBÝLI FJALLABYGGÐAR

SKIPULAGS- OG MATSLÝSING

APRÍL 2021



MANNVIT

Efnisyfirlit

1. Inngangur	1
2. Forsendur aðalskipulags.....	1
3. Staðhættir skipulagssvæðis	1
3.1 Ólafsfjörður.....	1
3.2 Siglufjörður	2
4. Markmið	3
5. Uppbygging deiliskipulags	4
6. Umhverfismat	4
7. Skipulagsferli, kynning og samráð	4

1. Inngangur

Sveitarfélagið Fjallabyggð áformar að útbúa deiliskipulag fyrir þjóðveg í þéttbýli. Tvö þéttbýli eru innan Fjallabyggðar; Ólafsfjörður og Siglufjörður.

Tilfni deiliskipulagsins er að reglulega eru settar fram óskir um stöku umferðaröryggisaðgerðir sem erfitt er að ákveða án þess að vera búin að ákveða heildarmynd þjóðvegarins í gegnum þéttbýlin.

Sums staðar er þjóðvegurinn mjög breiður og rými til þrenginga, miðeyja, breikkun gangstétta svo dæmi séu nefnd, en ákvörðun um í hvaða átt eða með hvaða hætti vilji er til að þrengja hangir á heildarmyndinni og hvert stefnt er til framtíðar.

Vegagerðin er veghaldari þjóðvegarins og Fjallabyggð fer með skipulagsmál skv. skipulagslögum. Fjallabyggð og Vegagerðin munu í sameiningu standa að og kosta gerð deiliskipulagsins í skilningi 37.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir þjóðveg í gegnum þéttbýli Fjallabyggðar.

Skv. skipulagslögum nr. 123/2010 skal við upphaf vinnu við gerð deiliskipulags, taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu ásamt lýsingu á umfangi og áherslum umhverfismats. Hér er því sett fram skipulags- og matslýsing þar sem áherslum og forsendum fyrir deiliskipulagsgerðinni er lýst, innihaldi deiliskipulags og hvernig fyrirhuguðu skipulagsferli, kynningu og samráði gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum verði háttað.

Skipulagslýsing þessi er unnin í samræmi við 1. mgr. 40. grein skipulagslaga nr. 123/2010 og matslýsing er unnin í samræmi við 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

2. Forsendur aðalskipulags

Í aðalskipulagið Fjallabyggðar 2008 – 2028 (bls. 107) segir svo um gatnakerfi Siglufjarðar og Ólafsfjarðar:

Nauðsynlegt er að tryggja öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda sem best og hvetja fólk til að ganga og hjóla með góðum frágangi á gangstéttum þar sem vegalengdir innan þéttbýlanna eru tiltölulega stuttar. Koma þarf í veg fyrir hraðakstur á mestu umferðargötunum og ljúka frágangi gatna með klæðningu og gangstéttum.

Leitast þarf við að aðgreina íbúðarsvæði betur frá athafnasvæðum og auka umferðaröryggi með því að draga úr gegnum umferð atvinnutækja.

Breyting á Snorrögötu á Siglufirði verður þannig háttað að gatan færir austur svo aðgengi að safnasvæði verði betra. Hugmyndin er að bæta tengingu Snorrögötu að Gránugötu þar sem gera má ráð fyrir aukinni umferð stórra flutningabíla við hafnarsvæðið.

Helstu breytingar verða í umferðarmynstri og þunga á stofnbrautinni í gegnum þéttbýlið í Ólafsfirði, þar sem fyrirséð er að umferðaraukning verður mikil eftir opnun Héðinsfjarðargangna.

3. Staðhættir skipulagssvæðis

3.1 Ólafsfjörður

Þjóðvegur í þéttbýli Ólafsfirði liggur frá Ólafsfjarðarvegi (82) að norðanverðu annars vegar frá Námuvegi eftir Múlavegi síðan Aðalgötu að gatnamótum Aðalgötu/Ægisgötu. Þaðan til suðurs eftir Ægisgötu að Hornbrekku. Hins vegar liggur Siglufjarðarvegur (76) eða Aðalgata frá gatnamótum við Ægisgötu að brú yfir Ólafsfjarðará. Heildarlengd er um 1,8 km.



Mynd 1. Yfirlitsmynd af Ólafsfirði. Deiliskipulagsmörk sýnd með rauðri strikalínu.

3.2 Siglufjörður

Þjóðvegur í þéttbýli á Siglufirði liggur frá Siglufjarðarvegi (76) að sunnanverðu við gatnamót Norðurtúns um Snorragötu að gatnamótum Gránugötu/Suðurgötu og áfram til norðurs eftir Túngötu að gatnamótum Hvanneyrarbrautar/Hlíðarvegjar og þaðan til norðurs eftir Hvanneyrarbraut að Hólavegi. Jafnframt er tengibraut frá gatnamótum við Snorrabraut/Túngata um Gránugötu og Tjarnargötu að höfninni, 420 m. Heildarlengd er um 2,6 km.



Mynd 2. Yfirlitsmynd af Siglufirði. Deiliskipulagsmörk sýnd með rauðri strikalinu

4. Markmið

Meginmarkmið með gerð skipulagsins, eins og fram kemur í áherslum aðalskipulagsins, er að móta og ákveða gerð umferðarmannvirkja og umhverfi þeirra með þeim hætti að stuðlað sé að auknu öryggi allra vegfarenda í umferðinni og ásættanlegri sambúð byggðar og vegar. Einkum verði skoðuð gatnamót og innkeyrslur svo og umferðarhraði og meta hvort ástæða sé til að breyta hámarkshraða gatna. Í þeirri vinnu verður gerð umferðarspá fyrir næstu 20 ár.

5. Uppbygging deiliskipulags

Deiliskipulagið mun byggja á fyrirliggjandi upplýsingum um staðhætti og umhverfisþætti ásamt stefnu sveitarfélagsins um uppbyggingu á svæðinu. Deiliskipulag verður sett fram á uppdrætti og í greinargerð.

Nokkur deiliskipulög eru í gildi sem ná til skipulagssvæðis þjóðvegarins í gegnum þéttbýlin.

Þjóðvegirnir sem liggja í gegnum þéttbýlin tvö eru skilgreindir sem stofnbrautir og tengibrautir og liggja að mjög fjölbreyttri landnotkun innan þéttbýlis. Gera þarf ráð fyrir að gildandi deiliskipulagsáætlanir er hafa mörk innan skilgreinds þjóðvegar þurfi endurskoðun m.t.t. breytinga.

6. Umhverfismat

Í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 verður lagt mat á áhrif skipulagsins á umhverfisþætti, en deiliskipulagsbreyting markar stefnu um framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum sbr. tölulið 10.10 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000; „*Nýir vegir og endurbygging vega sem ekki eru tilgreindir í tölulið 10.07, 10.08 eða 10.09.*“ Unnin verður umhverfisskýrsla sem verður hluti af greinargerð deiliskipulagsins en þar verður auk umhverfisáhrifa gerð grein fyrir tengslum deiliskipulags og annarra tengdra áætlana og samræmi deiliskipulags við stefnumið þessara áætlana.

Í umhverfismati eru skilgreindir þeir umhverfisþættir sem stefnumörkun deiliskipulags getur haft áhrif á og haft í för með sér umhverfisáhrif. Á þessu stigi eru skilgreindir þeir umhverfisþættir sem sýndir eru í töflu 1 hér að neðan. Í kynningarferli geta komið upp ábendingar um aðra umhverfisþætti sem skoða ber nánar í umhverfisskýrslu.

Tafla 1	Umfjöllunarefni	Viðmið
Umhverfisþættir til umfjöllunar í umhverfismati. Umhverfisþáttur		
Náttúrufar	Möguleg áhrif á náttúrufar (gróður, dýralíf)	Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.
Menningarminjar	Möguleg áhrif á fornleifar og menningarminjar.	Lög nr. 80/2012 um menningarminjar
Heilsa og öryggi	Áhrif á umferðaröryggi, hljóðvist, loftgæði.	Stefna aðalskipulagsáætlana Reglugerð um hljóðvist

7. Skipulagsferli, kynning og samráð

Eftirfarandi eru drög að skipulagsferlinu og tímasetningum með fyrirvara um breytingar:



Tímaáætlun byggir á að dagsetningar funda standist og/eða að engar athugasemdir komi fram sem ætla mætti að fresti afgreiðslu skipulagsins.

Eftir samþykki sveitarstjórnar á þessari skipulagslýsingu verður lýsingin send samráðsaðilum til umsagnar, sem eru m.a. eftirfarandi:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Vegagerðin
- Veitustofnanir
- Minjastofnun Íslands

Skipulagslýsingin verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og á heimasíðu Fjallabyggðar www.fjallabyggd.is. Einnig mun hún liggja frammi til kynningar á skrifstofu sveitarfélagsins. Með þeim hætti gefst almenningi tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum við lýsinguna. Athugasemdir skulu berast skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa fyrir auglýstan tímafrest.

Að lokinni gerð tillögu að deiliskipulagi verður tillagan auglýst og kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum með birtingu þeirra á heimasíðu og á opnu húsi á skrifstofum Fjallabyggðar. Skipulagstillagan verður samtímis send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum. Auglýstur umsagna- og athugasemdafrestur við deiliskipulagstillögunni er 6 vikur.

Samþykkt deiliskipulag verður sent Skipulagsstofnun innan 8 vikna frá því að athugasemdafrestur tillögu rann út. Skipulagsstofnun kemur athugasemdum á framfæri innan 3ja vikna frá því að skipulagsgögn bárust. Sveitarstjórn birtir auglýsingu um gildistöku deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Auglýsing deiliskipulagsins fer skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.